

4. Stjórnarfundur FORMA 2010 – 2011

Dags: 2. febrúar 2011, kl. 16:30

Staður: Gamli skóli, meistarastofa.

Mætt: Helgi Þ. Svavarson, Herdís Zóphóníasdóttir, Ívar Ragnarsson, Ólína Freysteinsdóttir, Ómar Pétursson og Steinunn Benna Hreiðarsdóttir.

1. Fundarsetning

Ívar Ragnarsson setti fundinn og stjórnaði honum.

2. Fundargerð síðasta fundar

Engar athugasemdir.

3. Íslandsáfangi

Rætt um að gott væri að fá einhvern kennara til þess að ræða um áfangann, miklar umræður meðal nemenda um gæði áfangans. Ræddum ýmsar hliðar, t.d. að breytingin er mikil frá 10. bekk og yfir í menntaskóla varðandi vinnubrögð. Virtist líka vanta samræmingu á milli kennara. Hvernig er skipað í hópa ?

4. Skálaferðir

Helgi fór yfir fyrirkomulagið. Allt að 15 klst sem kennari fær borgaðar fyrir skálaferð. Ef að miðað er við að kennari fái 50,000 fyrir ferðina og um er að ræða 25 manna bekk, þá má gera ráð fyrir að skálaferð kosti 4,500 á mann, m/öllu.

Góð tenging við Íslandsáfanga, t.d. varðandi hópefli.

Sást munur á bekkjum fyrir og eftir ferðir.

Hægt að tryggja afslátt á mat fyrir ferðirnar hjá stærri birgjum.

5. Árshátíð

Fengum fréttir af því að hljómsveitin hefði beðist afsökunar á framkomu sinni og gefið eftir 40% af launum sínum, fyrir utan kostnað. Ánægja með að þeir skuli hafa axlað ábyrgð á gerðum sínum.

6. Forvarnardagur

Þarf að skoða betur á næsta fundi. Nokkrar hugmyndir komur fram:

- Þóroddur Bjarnason, lektor, tekur fyrir marga þætti, t.d. brottfall, forvarnir, námsval.
- Heimili og skóli gætu hugsanlega bent á eitthvað.
- Fjármálatækni

7. Næsti fundur

Ákveðin 2. mars kl 16:30 á sama stað.

Fundi slitið 18:00

Ómar Pétursson
Fundarritari.